

12. stjórnarfundur

FORMA 2013 – 2014

Dags. 4.sept 2014

Tími: kl. 16.30.

Staður: Leðrið

Mættar: Eydís Valgarðsdóttir, Helena Sigurðardóttir, Jón Stefán Baldursson, Herdís Zophaníasdóttir

1. Hafinn er undirbúningur fyrir Hólavatsferðir. Stefnt að því að þær byrji 23.sept. eða fljótlega upp úr því. Búið er að ræða við Önnu Ríkharðs og mun hún verða með hópefli svipað og í fyrra. Einnig er búið að ræða við Jóhann Þorsteinsson staðarhaldara um gistingu og morgunmat á Hólavatni. Hann hefur áhyggjur af umgengni á staðnum og hvernig megi koma skilaboðum til nemenda og foreldra. Mikilvægt er að fá upplýsingar um hvaða foreldrar fara með hverjum bekk fyrir sig sem fyrst og að þeir fái leiðbeiningar um umgengni á Hólavatni. Jóhann mun koma á næsta fund og kynna þessar reglur fyrir stjórn FORMA. Beðið er eftir tilboðum frá rútofyrirtækjum hér í bæ.
2. Nokkur umræða skapaðist um útskriftarferðir 4.bekkinga. Mikill áhugi er fyrir því að breyta ímyndi ferðanna þ.e. gera þær að meiri menningarferðum en minni drykkjuferðum. Sú hugmynd kviknaði að FORMA, í samvinnu við Skólameistara, hefði forgöngu um að gera drög að breytingum sem kynntar yrðu með góðum fyrirvara. Einnig að bekkjardeildir gætu sótt um styrk úr sjoppusjóði eftir að hafa lagt fram ferðaáætlun.
3. Undirbúningsfundur fyrir aðalfund þann 15.sept. verður þriðjudaginn 9.sept. kl. 16.30. Helena ætlar að gera uppkast að fundargerð. Í upphafi fundar mun Jóhann Þorsteinsson koma og fara yfir reglur Hólavats.

Fundi slitið kl. 17.45

Eydís Valgarðsdóttir fundarritari.